

GJALDSKRÁ

fyrir úrgangshirðu og úrgangsfrágang í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Úrgangshirðugjald skal lagt á allar íbúðir og sumarhús sem virt eru í fasteignamati. Einnig skal úrgangshirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virt eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Úrgangshirðugjald er kr. 37.500.

Úrgangshirðugjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við úrgangshirðu, úrgangsfrágang og urðun úrgangs, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

Innifalin í úrgangshirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldum flokkuðum úrgangi til förgunar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis við Snoppu, gegn framvísun 16 skipta klippikorts (app í síma), sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 rúmmetra sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu.

Aukaklippikort kostar kr. 10.300 (16 skipti) og kr. 5.150 (8 skipti).

- B. Sérstök söfnun við heimili er flokkuð með 4 tönnum sem grunnregla, en möguleiki er á tvískiptri tunnu. Gjald per tunnu á ári er efirfarandi:

Tunna 240 lítra almennur úrgangur	kr. 21.400
Tunna 240 lítra pappi og pappír	kr. 5.400
Tunna 140 lítra matarúrgangur	kr. 5.400
Tunna 240 lítra plastúrgangur	kr. 5.400
Tvískipt tunna 240 lítra plast og pappír	kr. 16.050
Verð fjórar tonnur samtals:	kr. 37.600
Verð þrjár tonnur, ein tvískipt:	kr. 42.850

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum og eru gjalddagar hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Önnur gjöld (glatist tunna):

Tunnugjald, ný 140 lítra tunna	12.400 kr. hvert ílát
Tunnugjald, ný 240 lítra tunna	15.600 kr. hvert ílát

4. gr.

Gjald fyrir móttöku úrgangs sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Meðhöndlun

Tímavinna við flokkun og frágang

kr. með vsk.

4.818

Vigtunargjald

2.379

Vigtunargjald utan opnunartíma

12.943

Óflokkað

Grófur óflokkaður úrgangur

kr./kg með vsk.

54,97

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, timbur, steinefni og gler.

Blandaður úrgangur/almennt sorp 42,10
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.

Flokkað	kr./kg með vsk.
<i>Timbur</i>	31,58
Hvítmålað, plasthúðað og blandað	
<i>Timbur</i>	15,20
Hreint, ekki litað eða fúavarið	
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	42,10
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	23,39
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	0
<i>Gras án aðskotahluta</i>	6
<i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0

Gjöld vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:	kr./kg með vsk.
<i>Olíusúr</i>	164,88
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	281,22
<i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur</i>	1.291,79
Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins	
<i>Lífræn efni: Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, ediksýra, lífrænar sýrur, asphalt, amín, lífræn sölt, polyól og tekstyl.</i>	356,98
<i>Málning vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni</i>	99,22
<i>Kvikasilfursmengaður úrgangur</i>	920,17
<i>Oxandi og gasmyndandi efni</i>	1.395,34
<i>Ólífræn spilliefni s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natrium hydroxíð, fljótandi hypólórit, málmhydroxíðleðja, ólífræn sölt</i>	616,87
<i>Ýmis spilliefni s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsar</i>	
<i>Úrgangur sem þarfnast efnagreiningar</i>	616,87
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar > 100 l</i>	9.396,22
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar < 100 l</i>	2.350,17
<i>Gagnaeyðing</i>	176,27

5. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

6. gr.

Jarðvegslosun á haugum við Ögursveg.

Fyrir móttöku á múr og óvirkum úrgangi, sem er umfram eðlilega heimilislosun á flokkunarstöðina Snoppu. Vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu greiðist 6,50 kr./kg.

7. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms 14. desember 2023, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og með stoð í 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Stykkishólmsbæ, nr. 50/2012, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir úrgangshirðu og -frágang í sameinuðu sveitarfélagi Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, nr. 1563/2022.

Stykkishólmi, 15. desember 2023.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.